

✉ 7.000 tonna framleiðsla á laxi í Stöðvafirði, Fjarðabyggð - frummatsskýrsla

Búið til	28.8.2020 14:03:53
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	28.8.2020 14:03:52
Tilheyrir	📁 202006-0035 - 7.000 tonna framleiðsla á laxi í Stöðvafirði á vegum Fiskeldis Austfjarða hf. - beiðni um umsögn

Efni

7.000 tonna framleiðsla á laxi í Stöðvafirði, Fjarðabyggð - frummatsskýrsla

Upplýsingar

Sent	28.8.2020 14:03:52	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	jonsmari@skipulag.is, egill@skipulag.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202006-0035 (TB)

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 25. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu vegna 7.000 tonna framleiðslu Fiskeldi Austfjarða hf. á laxi í Stöðvafirði, Fjarðabyggð. Beðist er velvirðingar á því hve lengi hefur dregist að svara erindinu.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda frummatsskýrslu. Stofnunin telur að í frummatsskýrslunni sé að finna nægjanlegar upplýsingar til að gefa álit á hvort heimila eigi laxeldi í sjókvíum í Stöðvafirði af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir með framandi laxategund. Stærstu áhættuþættir við laxeldi í sjó að mati Náttúrufræðistofnunar eru útbreiðsla sjúkdóma, mengun og erfðablöndun við villta laxastofna. Gerð er grein fyrir öllum þessum þáttum í frummatsskýrslunni.

Þrátt fyrir að Náttúrufræðistofnun telji að hægt sé að byggja álit Skipulagstofnunar á frummatsskýrslunni vill stofnunin benda á nokkur atriði sem varða framangreint og hlutverk stofnunarinnar.

Á bls. 20 er m.a. fjallað um fóður og samsetningu þess. Það virðist hins vegar vanta umfjöllun um úr hvaða „hræfni“ fóðrið er fengið s.s. hvort það er fengið úr öðrum fiskitegundum ef það á við.

Á bls. 27 segir: „Núllkostur er ekki valkostur því þannig verður markmiðum framkvæmdarinnar ekki náð.“ Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki hægt í frummatsskýrslu að segja að núllkostur sé ekki valkostur þó svo að sá kostur sé ekki í samræmi við markmið framkvæmdaraðila. Ef mat á umhverfisáhrifum sýnir að tiltekin framkvæmd valdi það miklum umhverfisáhrifum að hún er óásættanleg þá ber að öllu eðlilegu að velja núllkost, sem er þá valkostur.

Náttúrufræðistofnun fagnar því að gert er ráð fyrir því að nota einnig ófrjóan lax í eldinu og þá væntanlega stefnt að því að auka þann hluta í framtíðinni, sjá. bls. 27 og 28. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að í fiskeldi í sjó eigi fyrst og fremst/eingöngu að nota, í þessu tilfelli ófrjóan lax, ef um framandi tegund er að ræða.

Nokkur umræða er um landeldi samanborið við eldi í sjókvíum og virðist sú umræða öll frekar einhliða eða á þann veg að hún tekur fyrst og fremst mið af áætlunum framkvæmdaraðila, sjá m.a. bls. 32-34. Og að þ.a.l. sé um að ræða óraunhæfa kost, m.a. með tilliti til landshlutans s.s. að það vantar heitt vatn eða að hentugt landsvæði er takmarkað og að ekki er búið að þróa lokað eldi í sjó. Einnig er bent á að náttúran sjái um rétt hitastig(?) og súrefni og flytji burt úrgang. Jafnframt er fjallað um sleppingar úr landeldisstöðvum sem vandamál og rask á landi. Ennfremur er komið inn á fjárfestingu og hún sögð tíföld í landeldi.

Allt virðast þetta vera atriði sem sem meira og minna er hægt að leysa eða framkvæma með viðeigandi hætti. Sleppingar úr landeldi ætti að vera hægt að koma alfarið í veg fyrir án mikillar fyrirhafnar. Hægt er að velja land eftir því sem við á en ef einblínt er á eina staðsetningu öðrum fremur gegnir öðru máli. Víða eru landeldi svo rekstur þess virðist ekki vera tæknilegt vandamál. Úrgangur frá sjókvíaldri eyðileggur botndýralíf á svæðum undir kvíum og þó þau séu hvíld þá endurtekur sagan sig og óvíst hver samlegðaráhrifin verða til langframa ef sjókvíaldri helst lengi í fjörðum landsins. Hvort telja megi endurtekna eyðileggingu á botndýralífi talsvert neikvæða eða verulega neikvæða þarf að skoða betur, sjá m.a. bls. 68. Á landi er hægt að stjórna hvað er gert við úrgang. Það er ekki hlutverk Náttúrufræðistofnunar að fjalla um fjármál en þó verður að spyrja að þó stofnkostnaður á fiskeldi á landi sé hugsanleg tífaldur hvort rekstrarkostnaður sé það einnig.

Á bls. 69 segir að einhverjar líkur séu á að smit geti borist frá eldisfiski í villta laxfiska en um þetta ríki mikil óvissa og þörf sé á frekari rannsóknnum. Ef þessi óvissa er fyrir hendi þarf að bregðast við því með rannsóknnum og eðlilegast að slíkar rannsóknir séu kostaðar af þeim sem stunda sjókvíaldri.

Í frummatsskýrslunni í kafla 6.5 Slysasleppingar og erfðablöndun er fjallað um erfðablöndun og hvort það sé sannað eða ósannað af vísindamönnum að erfðablöndun muni hafa varanlegan skaða í för með sér fyrir villta laxastofna eða ekki. Einnig er nokkur umræða um lax á Austurlandi þ.a.m. í Breiðdalsá. Náttúrufræðistofnun vill árétta að sannað er að erfðablöndunin á sér stað þó minni áhætta fyrir villta laxastofna geti verið af laxeldi sumstaðar á Austfjörðum en annarsstaðar. Út frá náttúruverndarsjónarmiðum snýst málið um það hvort það eigi yfirleitt að heimila starfsemi/laxeldi sem getur breytt villtum dýrum í íslenskri náttúru varanlega þ.m.t. langt út fyrir viðkomandi starfssvæði. Sömu starfsemi er hægt að hafa á landi (eða nota ófrjóan lax) þar sem líkur á neikvæðum áhrifum vegna sjúkdóma eða erfðablöndunar eru margfalt minni eða nánast engar ef rétt er að málum staðið. Í þessu samhengi skiptir það engu máli að mati stofnunarinnar hvort það sé mikið eða lítið af laxi í ám á Austfjörðum eða hvort lax fór fyrst að ganga í ár á Austfjörðum að einhverju ráði eftir aldamótin 1900. Um er að ræða náttúruleg ferli sem taka sífelldum breytingum vegna umhverfisaðstæðna hverju sinni og því ekki hægt að réttlæta framandi tegundir með þeim hætti sem reynt er að gera í frummatsskýrslunni. Í kafla 6.5.2 er ekki víkið að lögum um náttúruvernd sem viðmið við mat á umhverfisáhrifum en þó er fjallað um 2. gr. laga um náttúruvernd í kafla 6.5.4 um vöktun og mótvægisáðgerðir. Náttúrufræðistofnun getur tekið undir þær mótvægisáðgerðir sem lagðar eru til í kafla 6.5.5. sérstaklega notkun á geldfiski.

Niðurstaða

Að mati Náttúrufræðistofnunar, og eins og áður hefur komið frá hjá stofnuninni, er laxeldi í sjó með framandi tegundum, frjóum laxfiskastofni af norskum uppruna, ekki í samræmi við 1. gr., 2. gr. né 9. gr. laga um náttúruvernd né alþjóða samningu um vernd líffræðilegrar fjölbreytni né heldur leið til að uppfylla heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Neikvæðar afleiðingar af laxeldi í sjó eru þekktar og mótvægisáðgerðir virðast ekki hafa komið í veg fyrir þær s.s. að lax sleppi með tilheyrandi afleiðingum. Vissulega getur staðsetning og góður rekstur/mótvægisáðgerðir dregið úr neikvæðum áhrifum og betra getur verið að hafa laxeldi í sjó þar sem lítið er um náttúrulega laxastofna. Það síðast nefnda eða fræðilegt áhættumat breytir engu um að verið er að taka áhættu með villta laxastofna. Miðað við það ástand sem er í heiminum hvað varðar líffræðilega fjölbreytni, og snýr m.a. að útrýmingu tegunda og tap á mismunandi stofnum af tegundum, ætti eingöngu að nota ófrjóan lax í sjókvíaldri.

Náttúrufræðistofnun telur m.t.t. hlutverks stofnunarinnar að framangreind frummatsskýrsla veiti fullnægjandi upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd og umhverfi og líkleg umhverfisáhrif hennar, að öðru leiti en því sem kemur fram í umsögninni, svo byggja megi álit á henni en Náttúrufræðistofnun leggur annað mat á áhrifin en framkvæmdaraðili sbr. hér að framan. Verði framkvæmdin heimiluð verður að tryggja, með vöktun, að hægt sé að fylgjast með og rekja til upprunans þau áhrif sem villtir laxastofnar geta orðið fyrir. Einnig þarf að mati Náttúrufræðistofnunar, og eftir því sem sjókvíaldri eykst og það fyrirhugað til lengri

tíma, að leggja mat á samlegðaráhrif mengunar frá sjókvíaeldi á sjávarlífriki við stendur landsins, sérstaklega í þeim svæðum þar sem eldi er í mörgum fjórðum. Það þarf því sem fyrst að gera vöktunaráætlanir til að meta áhrif mengunar á lífríki stórra svæða svo hægt sé að sjá hvort og þá hvaða breytingar eiga sér stað og jafnframt hægt að bera niðurstöður úr vöktuninni saman við „upprunalegt“ ástand viðkomandi svæða.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)